



Landlæknisembættið
HEILBRIGÐIS- OG
TRYGGINGAMÁLARÁÐUNEYTIÐ

PRENTSMÍÐJA MORGUNBLAÐSINS

SUNNUDAGUR 30. NÓVEMBER 1986

BLAÐ

B

RAGNHILDUR HELGADÓTTIR, HEILBRIGÐIS- OG TRYGGINGAMÁLARÁÐHERRA:

KYNNINGARÁTAK

Með þessum blaðauka hefst sérstakt kynningarátak heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins til að verjast útbreiðslu alnæmissjúkdómsins á Íslandi. Blaðaukinn er framlag Morgunblaðsins til þessarar kynningar. Í kjölfarið verður kynning í öðrum fjölmiðlum, auglýsing-

ar, útgáfa bæklinga, kynning í skólum og á vinnustöðum.

Enn hafa ekki fundizt ráð til að lækna þennan banvæna smitsjúkdóm. Sterkasta og raunar eina vopnið er því vitund almennings um það, hvernig verjast beri vágesti þessum. Árangurinn veltur á

skynsamlegum smitvörnum almennings.

Landlæknisembættið mun annast hina faglegu yfirstjórn kynningarátaksins í samráði við skólafirlækni og sérfræðinga eftir því sem við á. Allt samstarf við vinnustaði, félög eða fyrirtæki er vel þegið og upplýsingar verða láttnar í té.

Þakkar eru færðar mörgum aðilum sem þegar hafa sýnt þessu verkefni einstaka velvild. Það er einlæg von okkar, að hin- ar beztu upplýsingar berist sem víðast. Með því móti mun áframhaldandi upplýsinga- og fræðslustarf skila enn betri árangri.

SKÚLI G. JOHNSEN, BORGARLÆKNIR:

ALNÆMISVARNIR

— hlutverk heilsugæslunnar

Daglega flýtja fjölmiðlar fréttir af alnæmisfaraldrinum, sem breiðist sífellt út. Fyrir einu ári höfðu borist tilkynningar um alnæmistilfelli frá 35 löndum, en nú er sjúkdómurinn kominn upp í 77 löndum. Enn sem komið er virðist sjúkdómurinn hafa náð mestri útbreiðslu í Bandaríkjunum, en þar hafa verið skráð um 27 þúsund tilfelli. Alnæmi breiðist mjög hratt út í löndum utan Bandaríkjanna víðs vegar um heim. Þar voru skráð tilfelli nú um miðjan nóvember 7.882 en voru 2.199 í ágúst á síðasta ári. Allar upplýsingar um útbreiðslu sjúkdómsins eru lágmarkstölur því aðeins þekkt tilfelli eru skráð. Skráningin er misjafnlega góð í hinum ýmsu löndum og því má gera ráð fyrir, að sjúkdómurinn sé mun útbreiddari í Afríku, Suður-Ameríkulöndum og ýmsum Asíulöndum en tölur gefa til kynna.

Upplýsingar um þekkt tilfelli hér á landi og um fjölda einstaklinga, sem mælst hafa með mótefni í blóði, gefa til kynna að útbreiðslan hér á landi sé veruleg miðað við það sem gerist í Evrópu.

Með lögum frá síðasta þingi var ákveðið, að alnæmi og smit af völdum alnæmisveiru skyldi teljast kynsjúkdómur og vörnum gegn honum hagað á sama hátt og gerist um aðra kynsjúkdóma. Varnir gegn kynsjúkdómum beinast fyrst og fremst að leit að smitberum. Leitin fer fram á þann hátt, að reynt er að afla upplýsinga frá hverjum er að smituðum einstaklingi um kynsambönd hans í því skyni, að grafast fyrir um hver geti hafa valdið smitinu. Árangur af kynsjúkdómavörnum er algjörlega háður samvinnunni við þá einstaklinga sem leitað hafa læknis.

Þegar um er að ræða alnæmi eru upplýsingar um smitberana algjört líffspursmál. Hver sem verður fyrir smiti af alnæmi ætti að hugsa fyrst og fremst til þess, að sá sem smit- aði hann hefur að líkindum enga hugmynd um smit sitt og heldur því áfram sömu kynlífsvenjum, sem leidda til enn fleiri smittifella. Þegar einstaklingur, smitaður af alnæmi, er spurður um fyrri kynsambönd sín ætti hann að minnast þess, að

enginn heilbrigður maður vil vitandi vits dreifa smiti hættulegs sjúkdóms til annarra. Með því að gefa upp nöfn rekkjunauta sinna er því viðkomandi e.t.v. að afstýra ógæfu annarra — e.t.v. þeirra, sem honum þykir vænst um.

Hér í Reykjavík hafa kynsjúkdómavarnir verið stundaðar um 30 ára skeið á húð- og kynsjúkdóma- deild Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur. Það skal brýnt fyrir öllum þeim, sem minnsta grun hafa um að þeir geti verið smitaðir af alnæmi að þeir snúi sér til deildarinnar. Vakin er athygli á að engin einkenni fylgja smitinu fyrst í stað og smitberastand getur jafnvel staðið í mörg ár. Reynist þeir hafa mótefni í blóði gegn alnæmi er lífsnauðsynlegt að þeir veiti sem gleggstar upplýsingar um rekkju- nauta sína. Deildin hefur síðan samband við þá.

Kynsjúkdómavarnir eru samkvæmt lögum einnig stundaðar á heilsugæslustöðvum um allt land. Þar er sami háttur hafður á við leit að smitberum og geta þeir, sem

minnsta grun hafa um smit, snúið sér til þeirra.

Þeir sem fremur kjósa, geta snúið sér til heimilislækna sinna eða annarra lækna, sem taka blóðprufu, sem sýnir hvort um smit sé að ræða. Reynist það vera, ber læknum að senda upplýsingar til húð- og kynsjúkdómadeildar heilsuverndarstöðvarinnar eða viðkomandi heilsugæslustöðvar, sem annast könnun á uppruna smitsins. Nafn- leynd er mikilvægt atriði í vörnum gegn kynsjúkdómum og er fyllsta gát ávallt tryggt í því efni af hálfu lækna og annarra starfsmanna heilbrigðisstofnana.

Það skal brýnt fyrir öllum almenningi, að árangursrík leit að smitberum er veigamikill þáttur í baráttunni gegn frekari útbreiðslu þess lífshættulega sjúkdóms, alnæmis. Um leið og einstaklingi hefur verið gert ljóst að hann er smitaður af þessum sjúkdómi, ber honum siðferðileg skylda til að vernda aðra fyrir smiti sínu en til þess er nauðsynlegt að breyta kynlífsvenjum í samræmi við ráð- leggingar, sem lækni veitir.

ÓLAFUR ÓLAFSSON, LANDLÆKNIR:

EYÐNI ER ÓGNUN

Eyðni (alnæmi) er alvarleg ógnun við heilbrigði þúsunda Íslendinga. Fyrir tæpum tveim árum var þessi sjúkdómur óþekktur hér á landi. Nú er vitað um 29 manns, sem eru smitaðir af eyðni, en talið er að 200—300 aðrir séu smitaðir. Fræðilega séð getur hver sem er smitast af eyðni, en þeir, sem lifa einlífi eða með einum lífsförunaut, eiga ekki að öllu jöfnu að vera í hættu.

Hvað hefur áunnist?

Í sumum ríkjum Bandaríkjanna finnast merki þess að útbreiðsla meðal homma sé í rénun — og tek- ist hefur að koma í veg fyrir að smit dreifist til blóðþega. Verra er, að af þeim, sem smitast, komast fleiri á lokastig en talið var í fyrstu og að veiran hefur náð nokkurri útbreiðslu meðal gagnkynhneigðra. Aðalhættan stafar af fíkniefnaneytendum, sem gjarnan taka upp vandi til þess að fjármagna neysluna.

Hvað er til varnar?

Heilbrigðisyfirvöld hafa haldið uppi mikilli fræðslu um þennan sjúkdóm en nú skal hún efla til muna. Héðan í frá verður farið með margþætta fræðslu árlega í alla framhaldsskóla, efstu bekkir grunn- skóla og á vinnustaði í landinu, sérstaklega þar sem yngra fólk starfar. Auk þess verða sendir

bæklingar til allra á aldrinum 15—24, á öll heimili og til homma. Aðalinntak fræðslunnar verður annars vegar um áhættuhegðun og hættulegt atferli en hins vegar varnir gegn sjúkdómnum.

Mikilvægt er að kenna fólki að verjast þessum sjúkdómi. Nú þegar er hafin leit að smiti hjá ýmsum hópum í þjóðfélaginu svo sem blóð- gjöfum, fíkniefnasjúklingum og fögnum. Á næstunni verður mælt til mótefnamælingar hjá öllum, sem leita til lækna vegna kynsjúkdóma. Miklar umræður hafa farið fram um að mælast einnig til mótefna- mælingar hjá öðrum hópum m.a. verðandi mæðrum og þeim er gang- ast undir fóstureyðingu. Allir landsmenn eiga vitaskuld kost á mótefnamælingum að eigin ósk.

Veigamikill þáttur í baráttunni gegn eyðni er stórefling aðgerða gegn fíkniefnanotkun, og verður að stórauka fjárveitingu til fíkniefnavarna, m.a. til aðstoðar við neytendur og til að koma í veg fyrir að neyslan aukist. Enn er trúlega tími til þess að draga úr útbreiðslu eyðni, en eftir nokkur ár verða allar aðgerðir erfiðari.

Landlæknisembættið hefur nú óskað eftir a.m.k. 7,5 millj. króna fjárveitingu til fræðslu og annarra aðgerða gegn sjúkdómnum á árinu 1987. Stjórnmalamenn verða að skynja sinn vitjunartíma.

ÞORVALDUR KRISTINSSON, FORMAÐUR SAMTAKANNA '78:

ÁBYRGÐIN GAGNVART HOMMUM

Eyðni er ekki lengur sjúkdómur hinna bersyndugu. Enginn talar lengur um kynvillingapláguna. Loks hrukku menn upp við vandan draum, skildu, að ekki var lengur hægt að yppa öxlum og láta sem alvara málsins væri þeim óviðkomandi. Útbreiðsla sjúkdómsins er ekki bundin áhættuhópum heldur áhættuhegðun. Eftir margra miss- era sinnuleysi hafa yfirvöld loksins tekið af skarið, veitt hefur verið fé til fræðslu og forvarnastarfs um sjúkdóminn.

En njóta hommar góðs af nýrri sýn samfélagsins á sjúkdóminn? Horfast menn í augu við þá alvar- legu staðreynd, að þeir eru flestir í flokki smitaðra og sjúkra hér á landi? Nei, því miður. Í fræðslu- þætti sjónvarpsins um eyðni hér á dögunum var hvergi á þá minnst eða stöðu þeirra á erfiðum tímum.

Gagnvart þeim ríkir sama félags- lega ábyrgðarleysið og fyrr. Þeir eru og skulu vera annars flokks þegnar.

Eini aðilinn, sem ennþá hefur sýnt ábyrgi afstöðu í þessu máli, er embætti landlæknis. Milli Samtakanna '78 og landlæknisembættisins hefur tekist samvinna og samstarf í baráttunni við eyðni. Yfirvöld hafa fallist á að fjármagna útgáfuþefni á vegum félagsins, og landlæknir hefur sótt um opinberan fjárstuðning svo hægt verði að ráða starfsmann til að sinna fræðslu og forvarnastarfi á vegum Samtakanna '78. Sú fjárveiting er óhjá- kvæmileg ef við eigum að geta axlað þá ábyrgð, sem við höfum gagnvart hömmum. Samtökin '78 er lítill félagskapur, en stöðu sinnar vegna engu að síður tengilið- ur við gríðarstóran hóp karla, sem

lifir kynlífi með öðrum karlmön- num. Áróður fyrir breyttri kynhegð- um meðal homma kemst ekki til skila nema honum sé beinlínis beint til þeirra sjálfra á tungumáli, sem þeir skilja, og í samræmi við þeirra eigin hugarheim og tilfinningar.

En þrátt fyrir skilning einstakra embættismanna eigum við í stríði við afturhaldssamt og úrelt kerfi, sem neitar að skilja sambandi milli baráttunnar við eyðni og frels- isbaráttu homma. Embættismenn og áhrifamenn í menntamálu hafa ítrekað lýst því yfir, að öll eðlileg umræða um samkynhneigð sé „áróður fyrir kynvillu og stríði gegn almennu siðgæði“. Með því brjóta skólafyrirvöld gegn 2. grein grunn- skólalaga þar sem segir, að hlutverk skóla sé að búa nemendur undir starf í lýðræðisþjóðfélagi sem er í sífelldri þróun, að starfshættir skuli

mótast af umburðarlyndi og að skólinn skuli temja nemendum víðsýni og efla með þeim skilning á mannlegum kjörum.

Svik fræðslukerfisins við sam- kynhneigða unglinga skilja þá flesta eftir fullkomlega ráðvillta þá smitast af eyðni. Þögnin og fyrir- litningin elur af sér óabyrga þegna, sem eru of grátt leiknir tilfinninga- lega og félagslega til að skilja hvað átt er við þegar nú er kallað til ábyrgðar. Um það eru allt of mörg dæmi meðal þeirra samkynhneigðu unglinga, sem vaxa úr grasi á Ís- landi. Eg skora því á þá, sem bera ábyrgð á fræðslu og heilsugæslu — á andlegri og líkamlegri velferð þjóðarinnar — að endurskoða af- stöðu sína. Það kallar enginn þegna til ábyrgðar nema hann sé jafn fús til ábyrgðar gagnvart þeim.